



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 23. janúar 2024

MSS23110134

Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um endurskoðun stjórnskipulags eigna- og viðhaldsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun stjórnskipulags eigna- og viðhaldsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg eru lögð fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um endurskoðun stjórnskipulags eigna- og viðhaldsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg, drög



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun stjórnskipulags eigna- og viðhaldsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Í samræmi við innri endurskoðunaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022- 2023, er samþykkt var af endurskoðunarnefnd 31. janúar 2023 og kynnt í borgarráði, framkvæmdi Innri endurskoðun og ráðgjöf stjórnsluúttekt á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar. Markmið úttektarinnar var að draga upp heildarmynd af viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar og finna umbótatækifæri. Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar endurskoðunarnefnd 5. júní 2023 og fyrir borgarráði 15. júní 2023. Í skýrslunni voru settar fram 13 ábendingar þar sem tækifæri eru til að gera betur. Erindisbréf starfshóps um gerð umbótaáætlunar vegna stjórnsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar var lagt fram í borgarráði 15. júní 2023 og skilaði starfshópurinn af sér áfangaskýrslu til borgarráðs 18. október 2023. Þar er m.a. lagt til að settur verði af stað starfshópur til að endurskoða stjórnskipulag eigna- og viðhaldsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg.

Hlutverk:

Að endurskoða stjórnskipulag sem styður við skilvirka eigna- og viðhaldsstjórnun sem styður við heildarstefnu Reykjavíkurborgar, Græna planið. Starfshópurinn endurskoði stjórnskiplagið og ábyrgð þegar kemur að eigendafyrirsvari og viðhaldi sem er í samræmi við nýsamþykktar breytingar á fjármála- og áhættustýringasviði þar sem segir að „sett verði af stað vinna við að rýna núverandi skipulag eigna og mótuð framtíðarsýn um fyrirkomulag verkefna sem skrifstofan ber ábyrgð á og samlegð við verkefni annarra sviða vegna eignaumsjónar.“

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Gerð viðhaldsstefnu Reykjavíkurborgar sem styður við Græna planið, heildarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Endurskoðun og tillögur að nýju stjórnskiplagi, ábyrgð og áhættustýringu þegar kemur að eigendafyrirsvari og viðhaldi eigna Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn skipa:

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs, formaður

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Ámundi V. Brynjólfsson, umhverfis- og skipulagssviði

Starfsmaður starfshópsins:

Hörður Hilmarsson, fjármála- og áhættustýringasvið



Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok apríl 2024.

Reykjavík, [dags.]

Einar Þorsteinsson

Hjálagt:

Áfangaskýrsla vegna stjórnsluúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á viðhaldsstjórnnum fasteigna Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun og ráðgjöf: Stjórnsluúttekt á viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar, kynnt í borgarráði 15. júní 2023.